



## Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykólahrepps  
Þriðjudaginn 5. apríl 2022, kl. 16.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutróð 5a, Reykólum.

Mætt; Árný Huld Haraldsdóttir formaður, Ólafía Sigurvinsdóttir og Vilberg Þráinsson. Einnig sátu fundinn Anna Björg Ingadóttir skólastjóri grunnskóla- og tónlistadeildar, Íris Ósk Sigþórsdóttir deildarstjóri í Reykólastkóla leikskóladeild, Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómstundafulltrúi, Svanborg Guðbjörnsdóttir fulltrúi kennara í Reykólastkóla, Katla Tryggvadóttir fh. foreldrafélags Reykólastkóla og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð í tölvu og er tvær blaðsíður.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu

#### 1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 15. desember 2021.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt.*

#### 2. Beiðni um fjárveitingu vegna þjónustu talmeinafræðinga í leik- og grunnskóla.

Fram er lögð beiðni frá skólastjórnendum Reykólastkóla dagsett 29. mars 2022. Ósk um aukafjárveitingu vegna þjónustu talmeinafræðinga. Óskað er eftir kr. 400 þús. vegna haustsins 2022.

*Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja beiðnina. Samþykkt samhljóða.*

#### 3. Skóladagatal grunnskóladeildar 2022 – 2023.

Skóladagatal lagt fram, skóladagar eru 180.

*Nefndin samþykkir skóladagatal grunnskóladeildar fyrir skólaárið 2022 – 2023. Samþykkt samhljóða.*

#### 4. Staða grunnskóla- og tónlistadeildar næsta skólaár.

*Skólastjóri fór yfir fjölda nemenda og stöðugildi á næsta skólaári, stoðkerfi skólans og tónlistaskólann.*

#### 5. Staða leikskóladeildar næsta skólaár.

*Deildarstjóri fór yfir fjölda nemenda og stöðugildi á næsta skólaári. Veruleg fækkun er á fjölda barna.*

#### 6. Samræmd könnunarpróf í grunnskólum.

*Erindi frá mennta- og barnamálaráðherra dagsett 22. 2.2022 lagt fram til kynningar.*

7. **Æskulýðsstefna Íslands mars 2022.**

*Stefna lögð fram og kynnt.*

8. **Skýrsla tómstundafulltrúa.**

*Tómstundafulltrúi fór yfir skýrslu.*

9. **Skýrsla skólastjóra grunnskóla- og tónlistadeildar**

*Skólastjóri fór yfir skýrslu.*

10. **Skýrsla deildarstjóra leikskóladeildar.**

*Deildarstjóri fór yfir skýrslu.*

**Önnur mál :**

11. **Umsókn um nám utan lögheimilissveitarfélags.**

11.1. **Nám í grunnskóladeild Reykhólaskóla.**

Lögð er fram umsókn um skólagöngu tveggja barna í Reykhólaskóla skólaárið 2022 - 2023. Umsóknin hefur verið samþykkt af lögheimilissveitarfélagi.

*Nefndin samþykkir umsóknina samhljóða.*

11.2. **Nám í Ásgarði.**

Lögð er fram umsókn um skólagöngu barns í Ásgarði skóla í skýjunum. Umsóknin hefur verið samþykkt af lögheimilissveitarfélagi.

*Nefndin samþykkir umsóknina samhljóða.*

12. **Trúnaðarmál**

*Skólastjóri fór munnlega yfir trúnaðarmál.*

Fundi slitið kl. 18.00

Fundargerðin undirrituð rafrænt.